



Reykjavík, 4. október 2024

MSS24090153

TILLAGA

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð 26. september 2024: Tillaga fulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð samþykki að beina þeim tilmælum til skóla- og frístundaráðs að hefja vinnu við endurskoðun á skráningarferlum í því skyni að bæta til muna skráningu á því ofbeldi sem kennarar og aðrir starfsmenn grunnskóla verða fyrir af hendi nemenda eða annarra sem tengist starfi þeirra. Í endurskoðuninni þarf að skýra verkferla og bæta tryggingar ef kennarar eða annað starfsfólk skólanna verður fyrir ofbeldi á vinnustað en slíkum tilvikum hefur því miður fjölgað. Á þetta leggja kennarar mikla áherslu.



Reykjavík